

Breytingartillögur

við frv. til l. um siglingavernd.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur,
Guðjóni Hjörleifssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóhanni Ársælssyni,
Birki J. Jónssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

1. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „alþjóðasamþykktar um siglingavernd“ í 2. tölul. komi: siglingaverndar.
 - b. Í stað orðsins „skips“ í 8. tölul. komi: skipa.
2. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.